



***Fornleifaskráning vegna lagningu strengs frá
Auðnum að Ljótsstöðum, Laxárdal***



Indriði Skarphéðinsson

2024


Forsíðumynd: Mynd af fornu garðlagi [3353-008].



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Október 2024

Efnisyfirlit

Abstract	4
Inngangur	5
Skráningarsvæðið.....	5
Fornleifaskráning	6
Ljósstaðir	6
[3353-001] – tóft – hesthús	6
[3353-002] – garðlag – túngarður	7
[3353-003] – garðlag – túngarður	7
[3353-004] – garðlag.....	8
[3353-005] – garðlag.....	8
[3353-011] – hleðsla - rétt.....	9
[3353-013] – heimild – smiðja.....	9
Auðnir	9
[3353-006] – niðurgröftur – kolagröf	10
[3353-007] – niðurgröftur – kolagröf	10
[3353-008] – garðlag.....	11
[3353-009] – hleðsla - varða	11
[3353-010] – garðlag.....	12
[3353-012] – garðlag.....	12
Niðurstöður	13
Heimildaskrá:	14
Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis.	15
Ljósstaðir	15
Auðnir	17
Samantekt.....	21
Viðauki II. Kort af skráðum minjum.	21



Abstract


RARIK hired Sagnbrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area affected by a planned electrical cable in Laxárdalur, Þingeyjarsveit. The project has the registration nr. 3353. During fieldwork 13 features were surveyed, out of which 12 features are considered to be in danger because of the project. In those cases, counter-measures were suggested to prevent any disruption of the protected archaeological remains, such as changes to the planned route of the cable where possible. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur

Sagnabrunnur ehf. tók að sér fornleifaskráningu, að beiðni RARIK ehf., leið strengs milli Auðna og Ljósstaða í Laxárdal, Þingeyjarsveit. Fulltrúi verkkaupa var Rögnvaldur Guðmundsson og fékk verkið verkefnanúmerið 3353 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á lagnaleið, ásamt því að skoða lagnaleið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

Farið var á vettvang 22. október síðastliðinn og svæðið tekið út. Í heildina voru skráðar 13 minjar innan skráningarsvæðisins og teljast 12 þeirra stafa hætta af framkvæmdunum.

Skráningarsvæðið



Mynd 1. Skráningarsvæðið á milli Ljósstaða og Auðna í Laxárdal.

Skráningarsvæðið fylgir legu fyrirhugaðs rafmagnstrengs sem plægja á í jörð á milli eyðibýlisins Ljósstaða og bæjarins Auðna í Laxárdal, Þingeyjarsveit. Í lögum um

menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögunum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Vegna þessa var tekið út 15 m svæði sitt hvoru megin við fyrirhugaða legu strengsins, 30 breitt svæði í heildina. Skráningarsvæðið var skoðað á vettvangi og þar sem fornleifa varð vart í eða við skráningarsvæðið voru þær mældar upp með Trimble Nomad 5-tæki, myndaðar og minjunum lýst.

Fornleifaskráning

Skráðar voru í heildina 13 minjar innan skráningarsvæðisins, um er að ræða sjö garðlög, hesthústóft, rétt, tvær kolagrafir, eina vörðu og heimild um smiðju.

Ljósstaðir

Ljósstaðir eru metnir 15 hundruð að dýrleika í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og er jörðin sögð eign Grenjastaða (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943:206). Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin 16 hundruð að dýrleika og sögð í kirkjueign (J. Johnsen 1847:325). Nokkuð undirlendi er kringum Ljósstaðabæinn og mikið túnstæði. Ofan túns er brött brekka upp á heiðina en víðáttumikil heiðarmýri þar ofan sem var aðalengi bæjarins (Jón Sigurðsson 1954:282).

[3353-001] – tóft – hesthús

Í örnefnaskrá Ljósstaða segir: „*Túnið skiptist um göturnar, sem lágu um það, í Úttún, Upptún, Suðurtún og Niðurtún. Yzt í túninu var hesthús og Hesthúslaut.*“ Þar er að finna tóft hlaðna torfi og grjóti um 14x10 m að



Mynd 2. Minjar [3353-001], mynd tekin til vesturs.

stærð. Tóftin er nokkuð reisuleg, vegghæð er á bilinu 1,5-2,5 m og þykkt veggja á bilinu 1-2 m. Í tóftinni eru tvö rými, bæði um 4,5x2 m að stærð, aðskilin með um 3 m lágrí og breiðri hleðslu í miðri tóftinni. Miðað við lága stöðu gólfsins inni í tóftinni virðist hafa verið grafið töluvert niður fyrir henni. Innan tóftarinnar mátti sjá leifar bárujárns og timburs og ekki er ólíklegt að bárujárnsþak hafi verið á húsinu.

[3353-002] – garðlag – túngarður

Í örnefnaskrá Ljósstaða segir: „Yzt í túninu var hesthús og Hesthúslaut. Norðan hennar hét Hesthúsleiti, en sunnan hennar Hesthúshóll. Grjótgarður er frá Laxá upp í brekkulögg yfir Hesthúsleiti.“



Mynd 3. Minjar [3353-002], mynd tekin til austurs.

Stendur þessi grjótgarður enn þarna stutt norðan við minjar [3353-001]. Um er að ræða garðlag hlaðið úr hraungrýti, hæð garðsins er á bilinu 0,3-0,8 m og þykkt hans á bilinu 0,5-0,6 m. Garðurinn liggur á um 100 m löngu svæði frá túninu niður að Laxá. Rúmum átta metrum vestan við vesturenda garðlagsins tekur annað garðlag [3353-003] við sem liggur meðfram vesturenda túnsins.

[3353-003] – garðlag – túngarður

Um 8 m vestan við vesturenda garðlags [3353-002] hefst garðlag sem liggur meðfram vesturhlið túnsins. Garðlagið virðist nokkuð sokkið og ólíkt minjum [3353-002] virðist það að mestu hlaðið úr torfi fyrir utan grjóthleðslu sem er við norðausturenda þess. Vegghæð



Mynd 4. Minjar [3353-003], mynd tekin til suðvesturs.

garðlagsins er um 0,3-0,4 m á hæð og er þykkt veggja um 0,8-1,2 m. Minjarnar eru nokkuð

illgreinanlegar en sást móta fyrir þeim á um 100 m löngum kafla. Þétt vestan við minjarnar liggur vegslóði.

[3353-004] – garðlag

Árni Einarsson hefur kortlagt mikinn fjölda garðlaga á Norðurlandi og þar á meðal í Laxárdal. Í riti hans: *Tíminn sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi* er að finna kort af svæðinu þar sem þessi fornu garðlög hafa verið merkt inn. Garðlag [3353-



Mynd 5. Minjar [3353-004], mynd tekin til vesturs.

004] er eitt af þeim garðlögum sem þar er að finna. Um er að ræða breitt garðlag sem liggur niður hliðina í sveig á um 500 m löngum kafla út frá öðrum garði sem liggur út heiðina á heiðarbrúninni [3353-005]. Veggghæð garðlagsins er á bilinu 0,1-0,3 m og breidd veggja hátt í 4 m. Virðist vera grafið niður hvort sínu megin meðfram laginu. Minjarnar eru nokkuð ógreinilegar en sjást nokkuð vel á loftmynd og voru þær að hluta til mældar upp af mynd.

[3353-005] – garðlag

Árni Einarsson hefur kortlagt mikinn fjölda garðlaga á Norðurlandi og þar á meðal í Laxárdal. Í riti hans: *Tíminn sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi* er að finna kort af svæðinu þar sem þessi fornu garðlög hafa verið merkt inn. Garðlag [3353-005] er eitt af þeim



Mynd 6. Minjar [3353-005], mynd tekin til norðvesturs.

garðlögum sem þar er að finna. Garðlagið liggur upp á heiðarbrúninni með stefnuna norður

suður og er greinilegt á um 1 km kafla. Til norðurs hverfa minjarnar við svokallaðar Húsálágar, um 130 m norðvestan við það birtist annað garðlag [3353-008]. Sennilega hefur verið tenging á milli garðlaganna sem horfin er vegna uppblásturs og ágangs vatns, en gamall lækjarfarvegur er í grafningi á milli garðanna. Vegghæð garðlagsins er á bilinu 0,3-0,5 m og þykkt hans um 2- 3 m. Greinilega hefur verið grafið niður hvort sínu megin við garðlagið.

[3353-011] – hleðsla - rétt

Minjarnar eru staðsettar við austurhlíð túnsins um 100 m norðaustan við íbúðarhúsið á Ljótsstöðum. Um er að ræða þríhólfa rétt, hlaðna úr hraungrýti um 17x16 m að stærð. Hólfin eru aflöng til austurs og vesturs og liggja samsíða hvort öðru frá norðri til



Mynd 7. Minjar [3353-011], mynd tekin til norðausturs.

suðurs. Inngangur er inn í syðsta hólfið og gengt er á milli hólfa þriggja. Vegghæð hleðslunnar er á bilinu 0,3-1,5 m og eru veggirnir um 0,5-1 m á breidd. Norður veggur réttarinnar gengur lengra til austurs frá réttinni alla leið niður að Laxá.

[3353-013] – heimild – smiðja

Í örnefnaskrá Ljótsstaða segir: „*Rauðablásturssmiðja hafði og verið neðst í túninu við norðausturhorn Stórahóls. Var þar bæði rauðahrúgur og kola og sandflögugrjót, sem virist ætlað til brýna.*“ Hafa örnefni Ljótsstaða verið færð inn á örnefnakort Landmælinga Íslands og er smiðjan merkt þar inn á túninu. Ekki sáust nein merki minjanna á vettvangi og eru þær að öllu horfnar í túnið.

Auðnir

Auðnir er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns partur af Þverá og metin á 10 hundruð að dýrleika. Þegar þetta er skrifað í Jarðabókina hefur jörðin verið í byggð „fyrir manna minni“ (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943:205). Í Jarðatali Johnsen er jörðin sögð hjáleiga frá Þverá og einnig metin 10 hundruð að dýrleika (J. Johnsen 1847:325). Nokkur

skógur var í landi Auðna enn þá um 1712 og er talið að Auðna-nafnið bendi frekar til skógarrjóðurs en gróðurleysis (Jón Sigurðsson 1954:281).

[3353-006] –

niðurgröftur – kolagröf

Minjarnar eru staðsettar í lyngmóa spölkorn ofan við svokallaðar Húsálagar.

Um er að ræða ferhyrndan niðurgröft, um 1x1 m að stærð og 0,4 m djúpan.

Önnur lík kolagröf [3353-007] var skráð um sjö metrum norðan við

minjarnar. Erfitt getur verið að greina kolagrafir í þýfðu landslagi og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða, gefur þó regluleg lögun grafarinnar til kynna að um mannaverk sé að ræða.



Mynd 8. Minjar [3353-006], mynd tekin til norðurs.

[3353-007] –

niðurgröftur – kolagröf

Minjarnar eru staðsettar í lyngmóa spölkorn ofan við svokallaðar Húsálagar. Um

er að ræða ferhyrndan niðurgröft, um 1x1,5 m að stærð og 0,4 m djúpan.

Önnur lík kolagröf [3353-006] var skráð um sjö metrum sunnan við

minjarnar. Erfitt getur verið

að greina kolagrafir í þýfðu landslagi og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða, gefur þó regluleg lögun grafarinnar til kynna að um mannaverk sé að ræða.



Mynd 9. Minjar [3353-007], mynd tekin til norðurs.

[3353-008] – garðlag

Árni Einarsson hefur kortlagt mikinn fjölda garðlaga á Norðurlandi og þar á meðal í Laxárdal. Í riti hans: *Tíminn sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi* er að finna kort af svæðinu þar sem þessi fornu garðlög hafa verið merkt inn. Garðlag [3353-008] er eitt af þeim garðlögum sem þar er að



Mynd 10. Minjar [3353-008], mynd tekin til suðurs.

finna. Garðlagið liggur frá svokölluðum Húsalágum upp á heiðarbrúnina og liggur meðfram henni langleiðina að Auðnum. Minjarnar eru greinilegar á köflum á um 1,8 km löngu svæði. Um 130 m suðaustan við það er annað garðlag [3353-005]. Sennilega hefur verið tenging á milli garðlaganna sem horfin er vegna uppblásturs og ágangs vatns, en gamall lækjarfarvegur er í grafningi á milli garðanna. Nær norður enda garðlagsins við svokallaða Forsæluhlíð gengur annað garðlag [3353-010] til vesturs út frá garðinum.

Garðlagið er nokkuð ógreinilegt, víða er það einungis greinilegt vegna niðurgrafter sem er sitthvoru megin við það. Garðlagið er víða hátt í 4 m á breidd.

[3353-009] – hleðsla - varða

Minjarnar eru staðsettar stutt innan við Forsæluhlíð, um 40 m utan við garðlag [3353-008]. Um er að ræða nokkuð stæðilega vörðu. Varðan er um 2x2 m að stærð, um 1,5 m á hæð og hlaðin úr meðalstóru grjóti. Varðan ber þess ekki merki að vera mjög forn.



Mynd 11. Minjar [3353-009], mynd tekin til norðausturs.

[3353-010] – garðlag

Árni Einarsson hefur kortlagt mikinn fjölda garðlaga á Norðurlandi og þar á meðal í Laxárdal. Í riti hans: *Tíminn sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi* er að finna kort af svæðinu þar sem þessi fornu garðlög hafa verið merkt



Mynd 12. Minjar [3353-010], mynd tekin til austurs.

inn. Garðlag [3353-010] er eitt af þeim garðlögum sem þar er að finna. Garðlagið er staðsett í lyngmóa við Forsæluhlíð og liggur út frá garðlagi [3353-008] til austurs niður hlíðina í átt að ánni. Garðlagið er um 0,2-0,4 m á hæð og um 2-3 m á breidd. Greinilegt er að grafið hefur verið niður með garðlaginu hvoru megin.

[3353-012] – garðlag

Garðlagið liggur meðfram suðurhlíð túnsins við Auðnir á um 250 m kafla niður að Laxá. Garðlagið er um 0,3-0,5 m á hæð og um 1 m á breidd. Garðlagið þjónar enn sínu hlutverki sem túngarður en túngirðingin stendur upp úr garðinum.



Mynd 13. Minjar [3353-012], mynd tekin til austurs.

Niðurstöður

ID	Tegund	Hlutverk	Hætta v. tilefnis	Ástand	Verndun	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3353-001	tóft	hesthús	hætta	vel greinanlegar	friðað	1800-1920	582571,9	577875,7
3353-002	garðlag	túngarður	hætta	vel greinanlegar	friðað	1550-1920	582607,4	577911,9
3353-003	garðlag	túngarður	hætta	greinanlegar	friðað	1550-1920	582536,6	577860,4
3353-004	garðlag	óþekkt	engin hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1200	582264,1	577987,2
3353-005	garðlag	óþekkt	engin hætta	greinanlegar	friðað	870-1200	581977,5	578265,2
3353-006	niðurgroftur	kolagröf	engin hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1920	581833,9	578801,8
3353-007	niðurgroftur	kolagröf	engin hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1920	581838,3	578807,9
3353-008	garðlag	óþekkt	hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1200	581601,6	579594,4
3353-009	varða	óþekkt	engin hætta	heillegar	friðað	1800-1920	581346,8	580299,6
3353-010	garðlag	óþekkt	hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1200	581466,9	580540,2
3353-011	hleðsla	rétt	engin hætta	vel greinanlegar	friðað	1550-1920	582688,8	577500
3353-012	garðlag	túngarður	hætta	vel greinanlegar	friðað	1550-1920	581386,5	581237,9
3353-013	heimild	smiðja	engin hætta	sést ekki	friðað	1550-1920	582626	577724,7

Tafla 1. Skráðar fornleifar.

Í heildina voru skráðar 13 minjar í og við skráningarsvæðið, sex í landi Auðna og sjö í landi Ljósstaða. Algengasta minjategundin á svæðinu eru garðlög, bæði mikil og forn garðlög sem liggja um stór svæði og eins minni yngri túngarðar. Ein horfin fornleif var skráð út frá heimildum, smiðja sem getið er í ornefnaskrá Ljósstaða en smiðjan er horfin í tunsléttunni. Þær minjar á svæðinu sem vekja kannski mesta athygli eru fornu garðlögin. Fornu garðlögin sem skráð voru eru hluti af stóru kerfi garðlaga sem liggja á stóru svæði á Norðurlandi. Hefur þessum garðlögum verið gerð góð skil í bók Árna Einarssonar: *Tíminn sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*.

Í viðauka I. er fjallað um minjarnar í samhengi við framkvæmdirnar, hvaða hætta stafar að minjunum vegna framkvæmdanna of farið er yfir hvaða til hvaða mótvægisáðgerða hefur verið gripið til vegna þeirra

Heimildaskrá:

Ari Gíslason & Benedikt Jónsson: Örnefnaskrá Reykdælahrepp – Auðnir. Örnefnastofnun.

Ari Gíslason & Helgi Skúta Hjálmarsson (1982): Örnefnaskrá Reykdælahreppur – Ljósstaðir. Örnefnastofnun.

Árni Einarsson (2019). *Tíminn sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*. Mál og menning. Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1943). *Jarðabók – Þingeyjarsýslu*. 11. Bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir (1994). *Þingeyjarsýslur – Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Gott mál hf. Reykjavík.

Jón Sigurðsson (1954). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Sögunefnd Þingeyinga. Helgafell. Reykjavík.

Jón Benediktsson ábúandi á Auðnum – Munnleg heimild.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S, Trier. Kaupmannahöfn.

Túnakort – Auðnir, Reykdælahrepp í S-Þingeyjarsýslu. (1919), Teiknari: Kristján Jónsson

Túnakort – Ljósstaðir, Reykdælahrepp í S-Þingeyjarsýslu. (1919), Teiknari: Baldvin Friðlaugsson

Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis.

Af þeim 13 minjum sem skráðar voru við fornleifaskráninguna teljast 12 minjar í hættu vegna framkvæmdanna, fimm í landi Ljósstaða og sex í landi Auðna. Vegna þeirrar hættu sem stafar af minjunum var lögð til breyting á legu strengsins með það að markmiði að tryggja að minjarnar verði ekki fyrir raski vegna framkvæmdanna á svæðinu. Verður hér gerð grein fyrir þeim minjum sem stafar hætta af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisáðgerðir. Það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Ljósstaðir


Þær minjar sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna í landi Ljósstaða eru staðsettar í eða í næsta nágrenni við túnið á staðnum. Um er að ræða: heimild um smiðju [3353-013], þrjú garðlög [3353-002, -003, & -004], og hesthústóft [3353-001].



Kort 1. Upprunaleg og breytt lega strengs við smiðju [3353-013]

Þar sem fyrirhuguð lega strengsins lá um gamla túnið á Ljósstöðum kom hún til með að þvera í gegnum það svæði þar sem talið er að smiðja hafi staðið áður en sléttað var úr túninu.


Var lagt til að strengurinn yrði færður um 15 m neðar í túnið svo hlífa mætti minjum sem þar gætu leynst undir sverði fyrir raski vegna framkvæmdanna (sjá kort 1).



Kort 2. Tillaga að breyttri strenglegu við minjar [3353-001, -002 & -003].

Óbreytt lega strengsins kemur til með að þvera norðaustur enda garðlags [3353-003], á sama stað fer strengurinn innan 15 m friðhelgaðs svæðis umhverfis tóft [3353-001] og garðlag [3353-002]. Á milli garðlaga [3353-002] og [3353-003] er rúmlega 8 m breitt skarð og er því lagt til að legu strengsins yrði breytt á þá leið að hann verði lagður í gegnum mitt skarðið (sjá kort 2). Við þessar breytingar kemur strengurinn til með að liggja um 4 m frá minjum [3353-003] og [3353-002], ásamt því að liggja um 12 m frá minjum [3353-001]. Strengurinn kemur þó enn þá til með að liggja innan 15 m friðhelgaðs svæðis fornleifanna. Lagt er til að rækilega verði merkt fyrir minjunum á meðan framkvæmdatímanum stendur svo koma megi í veg fyrir rask á þeim.

Óbreytt lega strengsins kemur einnig til með að þvera garðlag [3353-004] sem liggur stuttu norðar. Garðlagið liggur á stóru svæði niður alla hlíðina en hverfur þar sem túnið tekur við. Var lagt til að línan yrði færð niður í túnið, austur fyrir minjarnar, og er fyrirhuguð lega strengsins nú 15 m austan við garðlagið (sjá kort 3).




Kort 3. Upprunalega og breytt lega strengs við garðlag [3353-004].


Auðnir

Þær minjar sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna í landi Auðnar liggja allar upp á Auðnaás utan við einn túngarð. Um er að ræða tvær kolagrafir [3353-006, & -007] og fjögur garðlög [3353-005, -008, -010, & -012].

Fyrirhuguð lega strengsins kom til með að þvera garðlag [3353-005] og lá innan 15 m friðhelgaðs svæðis kolagrafa [3353-006 & -007]. Garðlag [3353-005] hefur líklega á einhverjum tímapunkti tengst við garðlag [3353-008] sem liggur nokkru utan við norðurenda garðlagsins. Ekki eru greinileg nein ummerki garðlaganna á svæðinu á milli og er það líklega horfið vegna uppblásturs eða ágangs vatns. Grafningur, sem líklega er gamall lækjarfarvegur, liggur þar á milli garðlaganna. Var því lagt til að lega strengsins yrði færð rúmum 230 m norðaustar og þrætt í gegnum skarðið á milli garðanna (sjá kort 4). Við þessa breytingu lenda kolagrafirnar tvær [3353-006, & -007] tæpa 100 m frá lega strengsins.




Kort 4. Upprunalega og breytt lega strengsins við minjar [3353-005, -006, -007, & -008].




Kort 5. Upprunaleg og breytt lega strengsins við minjar [3353-008, & -009].

Utar á Auðnaásnum kom fyrirhuguð lega strengsins til með að liggja eftir garðlagi [3353-008] á um 800 m löngum kafla (sjá kort 5). Vegna þessa var lega strengsins færð um 100 m vestan við garðinn svo hlífa mætti honum við stórfelldu raski. Nokkru utar er garðlag [3353-008] horfið vegna uppblásturs og/eða vatnsgangs, þar sem það verður greinilegt aftur gengur garðlag [3353-010] til austurs frá garðinum (sjá kort 6).



Kort 6. Upprunaleg og breytt lega strengsins við minjar [3353-008, & -009].

Á þessum stað kom fyrirhuguð lega strengsins til með að raska bæði garðlagi [3353-008] og garðlagi [3353-010]. Var legu strengsins hníkrað á svæðinu og kemur hann nú einungis til með að þvera garðlag [3353-008] en ekki garðlag [3353-010]. Ekki reyndist möguleiki að færa strenginn frekar en hann þarf að komast í tengingu stutt handan garðlaganna.



Kort 7. Upprunalega og breytt lega strengsins við túngarð [3353-012].

Við túngarð [3353-012] var búið að leggja þegar fornleifaskráningin fór fram og hefur þeim minjum því verið raskað nú þegar. Á mynd 14 má sjá hvar strengurinn hefur verið lagður í gegnum túngarð [3353-012].



Mynd 14. Far eftir plægingu strengsins í gegnum túngarð [3353-012].

Samantekt

Með tilfærslu á fyrirhugaðri legu strengsins hefur tekist að koma í veg fyrir beint rask á skráðum minjum á svæðinu í öllum tilvikum nema einu, garðlagi [3353-008]. Við minjar [3353-001, -002, & -003] er fyrirhuguð lega strengsins nokkuð innan 15 m friðhelgaðs svæðis minjanna og er því lagt til að rækilega verði merkt fyrir minjunum á vettvangi á meðan framkvæmd stendur. Við garðlag [3353-008] eru líkur á að grípa þurfi til frekari mótvægisáðgerða, svo sem frekari rannsókna á minjunum. Hefur hér verið gerð grein fyrir þeim minjum sem stafar hættu af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisáðgerðir. Það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir hefjast og er það stofnunarinnar að setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Kort af skráðum minjum.



- Skráðar minjar
- ▭ Áhrifasvæði breyttrar legu
- ▭ Breytt leg strengs
- ▭ Áhrifasvæði upprunalegrar legu
- ▭ Upprunaleg lega strengs

Auðnir

3353-012

3353-010

3353-009

3353-008

3353-006

3353-007

3353-005

3353-004

3353-003

3353-011

3353-002

3353-001

3353-013

Ljósstaðir